

Aðalfundur UFA var haldinn 23. febrúar 2021 kl 18:30 í Íþróttahöllinni v/Skólastíg

Jóna Jónsdóttir, formaður UFA, setti fundinn og bauð alla velkomna á 33. aðalfund UFA. Hún stakk upp á að Elsa María Guðmundsdóttir yrði fundarstjóri og Jóna Finndís Jónsdóttir fundarritari. Það var samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði traustið.

Ársskýrslur, ársreikningar og fjárhagsáætlun

Jóna formaður UFA flutti skýrslu stjórnar, sem aðgengileg er á heimasíðu UFA, úr skýrslunni ber helst að nefna að árið einkenndist af samkomutakmörkunum og smitvörnum, iðkendur UFA stóðu sig hins vegar vel að vanda. Við náðum að halda uppi æfingum að mestu og iðkendur sóttu þó mót sem möguleiki var á, en mörgum mótum var frestað eða þau felld niður. Á árinu hélt UFA þónokkur mót, Grunnskólamót UFA, 95. Meistaramót Íslands, Akureyrarmót UFA og Norðlenska og Minningarmót Ólvers, auk fimm minni innanfélagsmóta. Að jafnaði má segja að hjá UFA æfi um 60 manns frjálssar íþróttir, mikil gróska er í yngri flokkunum og flestir iðkendur eru á aldrinum 6-14 ára.

Rannveig Oddsdóttir, formaður Langhlaupadeildar UFA – UFA Eyrarskókk, flutti skýrslu deildarinnar sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins. Hún skýrði frá því að um 120 iðkendur eru hjá félaginu, þar af fjórir landsliðsliðsmenn, Sigþóra Brynja, Anna Berglind, Rannveig og Þorbergur. Hún talað um að góð mæting hefði verið á æfingar hjá félaginu á árinu og góð þátttaka í flestum viðburðum sem haldnir voru á vegum félagsins en félagið stendur fyrir mörgum almenningshlaupum ár hvert. Á sl. ári voru haldin 5 Vetrarhlaup UFA, 1. maí hlaup UFA, Akureyrarhlaup, Súlur Vertical, Hausthlaup UFA og Gamlárshlaup. Hún fór einnig yfir helstu tölur úr ársreikningi langhlaupadeildarinnar.

Magnús Bragi Ingólfsson sagði frá starfi þríþrautadeildarinnar Norðurljósin – Perlur Eyjafjarðar. Hann sagði iðkendur vera 22 talsins, þar af 10-15 sem æfa mjög markvisst. Hann sagði frá verkefnum ársins þar sem hæst ber Norðurljósaþríþrautin sem haldin var 24. júlí sl. á Hrafnagili. Í henni tóku þátt ríflega 30 keppendur og keppt var í bæði ólympískri þríþraut og hálf ólympískri þríþraut í unglingsaflokki. Stefnt er að því að halda Norðurljósaþríþraut að nýju 23. júlí 2022. Magnús Bragi gerði einnig grein fyrir fjármálum deildarinnar en rekstur hennar er einfaldur þar sem ekki er enn um að ræða félagsgjöld/æfingagjöld heldur greiðir hver og einn iðkandi sjálfur fyrir þjálfun.

Rósa Dagný Benjamíndóttir fór yfir ársreikning UFA fyrir árið 2021, hagnaður reyndist af rekstri félagsins, tæpar 1,6 m. kr., sem skýra má að nokkru af því að þjálfarar félagsins þáðu ekki laun á meðan ekki var hægt að halda æfingar. Hún gerði grein fyrir Afreksstyrk FRÍ sem Baldvin Þór Magnússon hlaut og var afgreiddur í gegnum félagið og kemur því inn í bæði tekjur og gjöld félagsins. Styrkir, lottótekjur og tekjur af almenningshlaupum og mótahaldi eru félaginu mikilvæg og hefur gert félaginu kleyft að halda æfingagjöldum lágum. Engar spurningar eða athugasemdir voru gerðar við reikninginn og hann samþykktur samhljóða.

Rósa Dagný fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2022, sem unnin er í samvinnu við bókhaldara félagsins og byggð að mestu á ársreikningi 2022, að undanskyldum styrk Baldvins Þórs, og fjárhagsáætlun fyrra árs. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Jóna Jónsdóttir, Finnur Friðriksson, Sigurbjörn Gunnarsson og Sigurður Guðmundsson gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Rósa Dagný Benjamínsdóttir, Jóna Finndís Jónsdóttir og Elsa María Guðmundsdóttir gáfu hins vegar kost á sér áfram, auk þess sem Rósa Hrefna Gísladóttir og Arnar Elíasson buðu sig fram. Engin mótframboð voru og stjórnin því staðfest einróma. Enn vantar þó varmenn í stjórn félagsins.

Óskað var eftir framboði iðkenda til að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn. Birnir Vagn Finnsson bauð sig fram og iðkendur staðfestu kosningu hans með lófataki.

Fundarstjóri skýrði frá því að Guðmundur Víðir Gunnlaugsson gæfi áfram kost á sér sem skoðunarmanns reikninga. Kosning hans var staðfest samhljóða af fundarmönnum.

Viðurkenningar

Jóna skýrði frá því að Baldvin Þór Magnússon og Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir hefðu verið valin íþróttafólk UFA árið 2021. Baldvin Þór hefur náð framúrskarandi árangri í millivegalengdum á árinu. Hann setti Íslandsmet í 1500m, 3000m og 5000m utanhúss og 3000m innanhúss. Hann hlaut bronsverðlaun á EMU22 í Tallinn sumarið 2021 í 5000m og gull í 3000m og brons í 1500m í Evrópukeppni landsliða. Baldvin Þór er fæddur á Akureyri og bjó hér fyrstu árin en flutti þá til Bretlands með foreldrum sínum og stundar núna háskólanám í Bandaríkjunum. Sigþóra Brynja hefur náð mjög góðum árangri í millivegalengdum og götuhlaupum á árinu. Hún bætti sig í öllum vegalengdum sem hún keppti í og skipaði sér í fremstu röð íslenskra millivegalengda- og langhlaupara. Hún var valin í landsliðið í frjálsum 2021 og keppti fyrir Íslands hönd á móti í Búlgaríu í sumar. Sigþóra Brynja er metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur sýnt mikla seiglu í æfingum á liðnum árum og uppsker nú í samræmi við það.

Brynjar Páll Jóhannsson fékk hvatningarverðlaun UFA. Brynjar Páll er metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur náð góðum árangri í mörgum greinum frjálsra íþróttar, sérstaklega í hlaupagreinum og langstökki. Hann mætir vel á æfingar, fer eftir fyrirmælum, sýnir stöðugar framfarir og sýnir íþróttamannslega hegðun. Hann er Íslandsmeistari í flokki 13 ára pílta bæði í 60 m hlaupi og 100 m hlaupi utanhúss.

Þjálfurum Unnari, Mumma, Ara og Bróa, aðstoðarþjálfurum Birni, Katrínu, Alexander, Róbert, Pétri, Anítu og Adrían og Ásgeiri tímamælingamanni var þakkað fyrir liðið ár og vel unnin störf.

Önnur mál

Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður ÍBA, hrósaði félaginu fyrir góðan rekstur á sl. ári það væri ekki sjálfsagt að sýna hagnað á ári þar sem samkomutakmarkanir og smitvarnir lituðu starfsemina. Hann hrósaði félaginu einnig fyrir góðan árangur sem birtist m.a. í því að félagið átti 3 iðkendur af 10 efstu í tilnefningum til íþróttakarls og -konu Akureyar 2021, Baldvin Þór, Þorberg Inga og Sigþóru Brynju.

Jóna skýrði frá því að félagið hefði tekið þátt í viðræðum um mögulega sameiningu við önnur íþróttafélög á árinu. Annars vegar við Þór, hins vegar við nokkur smærri félög, Óðinn, Skíðafélag Akureyrar og Hjólreiðafélag Akureyrar. Ekki stæði til að vinna að þeim málum frekarenda hefði ekki verið sýnilegt hvort og þá hvað félagið myndi græða á slíkri sameiningu.

Rætt var um samstarf við Þór og þær teikningar sem nýlega hafa verið kynntar á félagsfundi Þórs, hvað varðar uppbyggingu á félagssvæði Þórs og UFA. Hvað varðar UFA þá gengur ekki að setja gervigras á aðalvöllinn og auka nýtingu Þórs á honum. Bæði vegna þess að það útilokar kastgreinar á vellinum og vegna þess að alls ekki fer saman að spila knattspyrnu á vellinum á meðan frjálsíþróttæfingum stendur, því þá væru iðkendur óvarðir fyrir boltum sem af vellinum kunna að koma á mikilli ferð.

Einnig var rætt um umgengni í Boganum, þar sem knattspyrnumörk og tæki eru oft á hlaupabrautum, ásamt rusli eftir knattspyrnumót. Forsvarsmenn UFA voru hvattir til að ræða við Reimar og vera í nánara samstarfi við Þór hvað það varðar.

Hlé var gert og súpa var veitt í boði RUB23.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund, fundi slitið kl. 20:00